



Rauði krossinn við Eyjafjörð

Ársskýrsla

2024



EFNISYFIRLIT

STJÓRN	1
ÁVARP FORMANNS	2
ÖFLUGT SJÁLFBODASTARF.....	3
HÚSNÆÐISMÁL	4
STARFSMANNAMÁL	5
VERKEFNI EYJAFJARÐARDEILDAR	6
FATAVERKEFNI	6
VINAHÓPAR	9
FLÓTTAFÓLK OG INNFLYTJENDUR	10
VINAVERKEFNI	15
NEYÐARVARNIR	16
HJÁLPARSÍMINN 1717	18
FRÚ RAGNHEIÐUR	19
NÁMSKEIÐAHALD OG FRÆÐSLA	21
VELFERÐARSJÓÐUR	22
VIÐBRÖGÐ VIÐ NEYÐARBEIÐNUM	23
FÉLAGSSTARF	24
STYRKIR OG VELUNNARAR	26
LOKAORÐ	27

STJÓRN

Stjórn og kjörtími stjórnarmanna var þannig ákveðinn á aðalfundi deildarinnar 2024:

FORMAÐUR

Til tveggja ára 2023-2025 var kosinn
Þorsteinn K. Björnsson (Dalvík)

AÐALMENN

Til tveggja ára 2024-2026 voru kosin:
Eva Hrund Einarsdóttir (Akureyri)
Kristín Björk Gunnarsdóttir (Akureyri)
Konráð K. Baldvinsson (Siglufirði)
Kristjana V. Valgeirsdóttir (Ólafsfirði)

Áfram sitja í stjórninni til 2025, kosin til tveggja ára á aðalfundi 2023:

Gísli Kort Kristófersson (Akureyri)
Hilmar Friðjónsson (Akureyri)
Kári F. Lárusson (Akureyri)
Sigríður Stefánsdóttir (Akureyri)

VARAMENN

Til eins árs 2024-2025 voru kosin
Helga Margrét Freysdóttir (Grenivík)
Jovana Kotaras (Akureyri)
Jón Baldvin Hannesson (Akureyri)
Kristín Helga Schiöth (Akureyri)

Guðlaug Kristinsdóttir var kosin skoðunarmaður reikninga til eins árs.

Á stjórnarfundi eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum og var Kristín Björk Gunnarsdóttir kjörin varaformaður, Sigríður Stefánsdóttir ritari og Hilmar Friðjónsson gjaldkeri.

ÁVARP FORMANNS



Þorsteinn K. Björnsson
Formaður

Starfsemi Rauða krossins við Eyjafjörð ár hvert mótast af þörfum samfélagsins hverju sinni. Það tekur oftast ýmsum ófyrirséðum breytingum sem starfsfólk og sjálfbóðaliðar deildarinnar bregst við með fagmannlegum hætti. Það er vissulega ánægjulegt að verða vitni að því hve lifandi starfsemin er.

Á árinu 2024 var stofnað til tveggja nýrra verkefna. Annars vegar samstarfsverkefnið við landsskrifstofu félagsins sem nefnist Wellbeing4U og er liður í EU4Health áætlun Evrópusambandsins en verkefnið snýr að því að bæta geðheilbrigði og líðan fólks sem hefur neyðst til að flýja frá Úkraínu. Hins vegar er það verkefnið InterACT sem snýst um að gefa fólki af erlendum uppruna aukin tækifæri til þátttöku í sjálfbóðastarfi hjá Rauða krossinum og þannig til meiri þátttöku í nærsamfélaginu.

Á vörðögnguð Akureyrarbæjar var Rauða krossinum við Eyjafjörð veitt mannréttindaviðurkenning fyrir gott starf í þágu samfélagsins. Við í stjórn Rauða krossins við Eyjafjörð lítum á þetta sem hvatningu fyrir deildina til að halda áfram sínu góða starfi í nærsamfélaginu, en fyrst og fremst er þetta góð viðurkenning á mikilvægu framlagi allra þeirra sem sinnt hafa sjálfbóðnu starfi innan deildarinnar.

Rauði krossinn á Íslandi og þar með talinn Rauði krossinn við Eyjafjörð starfar eftir lögum sem samþykkt voru á aðalfundi félagsins 4. maí 2024. Félagið leggur áherslu á góða stjórnarhætti í starfsemi sinni. Því ákvað stjórn Eyjafjarðardeildar að móta sér starfsreglur sem ætlað er að stuðla enn betur að öruggum og faglegum stjórnarháttum.

Stjórn Rauða krossins við Eyjafjörð tók ákvörðun um að leggja 4 milljónir króna af söfnunarfé deildarinnar til færanlegrar heilsugæslu í Hargeisa í Sómalíu sem Rauði krossinn á Íslandi hefur lengi stutt við. Heilsugæslan leggur sérstaka áherslu á að veita ungbarna- og mæðravernd, þar með talið eftirlit með næringu barna. Þetta var þriðja árið í röð sem deildin leggur fram stuðning við hjálparstarf í Sómalíu.

Samstarfssamningur var gerður við Akureyrarbæ um móttöku og skil á textíl á Akureyri. Samningurinn styrkir fataverkefni Rauða krossins á svæðinu, en eins og flestum er kunnugt hefur Rauði krossinn séð um móttöku, flokkun og sölu á notuðum fatnaði um árabil. Auk þess að vera umhverfissvænt verkefni þá hefur það einnig skilað nokkrum tekjum til starfsemi Rauða krossins.

Eins og fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2024 er fjárhagsstaða deildarinnar góð og er það verulega ánægjuleg niðurstaða, en ekki sjálfgefin.

Stjórn Rauða krossins við Eyjafjörð þakkar starfsfólki og sjálfbóðaliðum fyrir að halda merkjum Rauða krossins á lofti með fagmannlegri vinnu og háttvísi að leiðarljósi. Stjórnin þakkar einnig öllum sem hafa stutt hin ýmsu verkefni deildarinnar á liðnu ári með fjárframlögum og/eða vinnu.

ÖFLUGT SJÁLFBODASTARF

Í árslok 2024 voru 686 félagar skráðir í deildina. Af þeim höfðu 532 greitt félagsgjöld. Þá voru 379 sjálfbóðaliðar með skráðan sjálfbóðaliðasamning við deildina á árinu sem komu að 446 verkeiningum. Með verkeiningum er átt við framlag eins sjálfbóðaliða til eins verkefnis. Vegna þess að sami sjálfbóðaliði getur tekið þátt í fleiri en einu verkefni eru verkeiningarnar fleiri en sjálfbóðaliðarnir. Aukning var um 25 sjálfbóðaliða og 35 verkeiningar milli ára. Aldrei hafa fleiri sjálfbóðaliðar verið að störfum hjá deildinni. Það er því gott og öflugt sjálfbóðaliðastarf við deildina, eins og hefur verið.



HÚSNÆÐISMÁL

Deildin hefur aðgang að húsnæði Slysavarnarfélagsins á Siglufirði fyrir starf deildarinnar þar og greiðir fyrir það lága leigu. Í Ólafsfirði leigir deildin rými af Slysavarnarfélaginu undir vinaverkefni. Þar eru jafnframt flokkuð föt og rekin fataverslun. Á Dalvík eru flokkuð föt og verslun starfrækt í leiguhúsnæði. Á Akureyri er verslun, fataflokkun, kennslusalir og skrifstofuaðstaða í eigin húsnæði deildarinnar við Viðjulund 2. Þar er einnig sinnt verkefnum á borð við Frú Ragnheiði og Hjálparsímann 1717, tekið á móti flóttafólki og haldnir fjölbreyttir viðburðir tengdir starfinu. Þá kemur handverkshópur saman vikulega í Viðjulundi.



Á árinu var farið í minniháttar framkvæmdir á húsnæðinu við Viðjulund. Endurbætur voru gerðar á bílastæðinu sem fólust í að blómabeð var fjarlægt, svæðið malbikað og snyrtilegur kantur settur umhverfis fánastöngina.

Nýting húsnæðisins við Viðjulund var mjög góð á árinu. Salarleiga hefur aldrei verið meiri og fjöldi skyndihjálparnámskeiða svipaður og árið áður. Ýmsir viðburðir og námskeið voru haldin fyrir skjólstæðinga og sjálfboðaliða. Stærstu viðburðirnir voru sumargrill og jólahlaðborð fyrir sjálfboðaliða þar sem hátt í 100 manns mættu á hvorn viðburð. Kennslusalir voru vel nýttir undir námskeið, fundi, fatamarkaði, handverkshóp og aðra starfsemi. Einnig eru dæmi um að verkefnapör (skjólstæðingur og sjálfboðaliði) nýti aðstöðuna undir vikulega hittinga sína.

Fataverkefnið nýtir um 40% af húsnæðinu. Hjálparsíminn, Frú Ragnheiður og neyðarvarnir samnýta aðstöðu í Guðnýjarstofu. Hún er einnig er nýtt sem skrifstofa undir starfsmann landsskrifstofu sem hefur starfsaðsetur sitt hjá deildinni, auk þess sem að gestkomandi starfsmenn Rauða krossins geta nýtt sér aðstöðuna.

Leigusamningur sem gerður var haustið 2022 um suðurenda húsnæðisins var áfram í gildi og var við lok árs framlengdur út árið 2025. Hann tekur til alls syðsta enda hússins og leigutaki greiðir mánaðarlega leigu fyrir.

STARFSMANNAMÁL

Árið 2024 var Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri í fullu starfi hjá deildinni. Sóley Björk Stefánsdóttir verkefnastjóri var í 85% starfi. Patrekur G. Knutsen hætti störfum sem húsvörður í 50% starfi hjá deildinni í október og Hanna Blandon var ráðin í starfið frá 1. nóvember. Róbert Theodórsson var verkefnastjóri í flóttamannaverkefnum í fullu starfi til 1. nóvember. Þá tók hann við tímabundnu starfi í Evrópuverkefni um sálrænan stuðning við flóttafólk frá Úkraínu. Það verkefni er unnið í samstarfi við landsskrifstofu félagsins. Noelia Zapata hóf störf sem verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks 1. nóvember í tímabundinni stöðu út júlí 2025. Berglind Júlíusdóttir og Edda Ásgrímsdóttir deildu u.þ.b 20% stöðugildi í verktöku fyrir verkefnið Frú Ragnheiður. Álfheiður Svana Kristjánsdóttir gegndi starfi neyðarvarnarfulltrúa hjá landsskrifstofu með starfsaðstöðu að hluta í húsnæði deildarinnar.



INGIBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR



SÓLEY BJÖRK STEFÁNSDÓTTIR



HANNA BLANDON



RÓBERT THEODÓRSSON



NOELIA ZAPATA



BERGLIND JÚLÍUSDÓTTIR



EDDA ÁSGRÍMSDÓTTIR



ÁLFHEIÐUR SVANA
KRISTJÁNSDÓTTIR

VERKEFNI EYJAFJARÐARDEILDAR

Árið 2024 hófust 110 nýjar verkeiningar og 97 verkeiningum lauk.
Hér á eftir er gerð grein fyrir sjálfboðaliðaverkefnum
deildarinnar.

FATAVERKEFNI

► FATASÖFNUN OG FLOKKUN

Fötum er safnað í gáma á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri, auk þess sem föt berast frá Svalbarðseyri, Laugum í Reykjadal, Mývatnssveit og fleiri stöðum stöku sinnum. Fötin frá Siglufirði eru send óflokkuð til Akureyrar þar sem þau eru flokkuð og sett í sölu eða útflutning. Í Ólafsfirði eru fötin flokkuð og verslun opin einu sinni til tvisvar í viku. Fötin sem ekki nýtast þar eru send til Dalvíkur og Akureyrar. Á Dalvík eru föt flokkuð og þau sem eru nýtileg seld í versluninni þar. Einnig fær verslunin einstöku sinnum fatasendingar frá Akureyri og Reykjavík. Það sem ekki nýttist á Dalvík er sent til Akureyrar til útflutnings. Á Akureyri eru flokkuð föt og seld í verslun eða á mánaðarlegum markaði. Þrjónahópur nýtir garn sem berst í fatagámana til að þrjóna og hekla vörur en hluti hópsins selur þrjónavörur á Ráðhústorginu að sumri og stöku sinnum á Glerártorgi á veturna.

Bjarg/lðjulundur, verndaður vinnustaður á Akureyri, fær bómullarefni úr fatasöfnuninni til að framleiða olíuklúta. Það sem ekki er nýtt til sölu innanlands er sent úr landi til endurvinnslu.

Töluverð aukning varð á árinu á fatasendingum til Rauðakrossdeilda utan Eyjafjarðar. Sendingar fóru til Húsavíkur, Þórshafnar, Sauðárkróks, Búðardals, Borgarness, Suðurnesja, Blönduóss og Búðardals. Á árinu 2024 voru sendir úr landi frá Eyjafirði alls fjórtán 40-feta gámar, sem samsvarar 150 tonnum af fatnaði. Útflutningur var minni en á árinu 2023, sem nemur einum gámi. Sjálfboðaliðar sem unnu að fatasöfnun og flokkun voru 33, þar af 22 á Akureyri, 4 á Dalvík, 5 í Ólafsfirði og 2 á Siglufirði.

Samkvæmt nýjum lögum er sveitarfélögum nú skylt að halda úti sérstakri söfnun á textíl. Við lok árs 2024 gerðu Rauði krossinn við Eyjafjörð og Akureyrarbær með sér samkomulag um söfnun, flokkun og sölu á textíl. Um er að ræða fyrsta slíka samkomulagið á landsvísu.



Sjálfboðaliðar í fataflokkun

FATAVERSLANIR

Deildin rak á árinu verslanir með notaðan fatnað á Akureyri, Dalvík og í Ólafsfirði. Í þeim tveimur síðarnefndu eru einnig seldir smærri nytjahlutir.

Hópur sjálfboðaliða frá fataversluninni á Akureyri fór í nóvember í fræðslu- og hópeflisferð um Norðurlandið. Voru heimsóttar verslanir Rauða krossins á Blönduósi og Sauðárkróki. Vel var tekið á móti hópnum og góðar umræður urðu um fataverslanir Rauða krossins. Nýjar hugmyndir fæddust í ferðinni sem munu verða mikilvægt innlegg í undirbúningi að stefnumótun sem fyrirhuguð er í verkefninu.

Haldnir voru tveir hádegisfundir með sjálfboðaliðum fataverslunarinnar á Akureyri. Á þeim fyrri, sem haldinn var í janúar, voru ræddar leiðir til að fagna því að tíu ár væru liðin frá því að verslunin á Akureyri tók til starfa í núverandi mynd. Ákveðið var að öll innkoman á afmælisdaginn, 24. janúar, færi í neyðarsöfnun til stuðnings við íbúa Grindavíkur. Síðari fundurinn var haldinn í maí þar sem farið var yfir sölutölur og spjallað um verkefnið. Einnig var haldinn fundur varðandi fataverkefni deildarinnar á Dalvík en ekki voru haldnir sérstakir fundir í Ólafsfirði. Verkefnastjóri fer hins vegar mánaðarlega til Ólafsfjarðar og er því í góðu sambandi við sjálfboðaliða þar.

FATAMARKAÐIR

Markaðir með föt, skó og smávarning voru haldnir á Akureyri fyrsta miðvikudag og fimmtudag hvers mánaðar. Mjög góð aðsókn hefur verið á markaðina sem þjóna félagslegu hlutverki, auk þess sem að hægt er að gera góð kaup. Haldnir voru þrír fundir á árinu með sjálfboðaliðum í verkefninu til að fara yfir hugmyndir og tillögur að þróun verkefnisins.

Deildin hélt í samstarfi við umhverfisnefnd Háskólans á Akureyri og skiptinema við skólann tveggja daga fatamarkað á háskólasvæðinu. Þrír skiptinemar sáu um undirbúning, uppsetningu og afgreiðslu með stuðningi verkefnastjóra deildarinnar og formanns umhverfisnefndar Háskólans, Audrey Louise Matthews. Mikil ánægja var með markaðinn, bæði hjá þeim sem að honum komu en ekki síður hjá nemendum og starfsfólki Háskólans.

Sjálfboðaliðar í fataverslunum og fatamörkuðum voru 67, þar af 56 á Akureyri, 7 á Dalvík og 4 í Ólafsfirði.



Hópur sjálfboðaliða frá fataversluninni á Akureyri fór í fræðslu- og hópeflisferð

► TORGÖLUR

Torgsölur eru einskonar „pop-up markaðir“ sem haldnir eru á Ráðhústorgi á sumrin og Glerártorgi á veturna. Þar eru seldar lopavörur sem komið hafa í söfnunargáma eða hafa verið þrjónaðar úr innkomnu garni í þrjónahópnum á Akureyri. Miðað er við að setja upp torgsölu á Ráðhústorgi þegar flestir farþegar skemmtiferðaskipa eru í höfn. Sjálfboðaliðar í torgsölu voru 4 en fleiri aðstoða við flutninga og uppsetningu á vörum.



Pop-up markaður á Glerártorgi



Pop-up markaður á Ráðhústorgi

► TEKJUR AF FATAVERKEFNUM

Tekjur af fataversluninni á Akureyri voru um 22,8 mkr., 4,9 mkr. á Dalvík og 1,3 mkr. í Ólafsfirði. Heildartekjur af mörkuðunum voru um 5,4 mkr. og tekjur af torgsölum um 6 mkr.



Heildartekjur af fatasölu deildarinnar voru um 40,4 mkr. sem er tæplega 1 milljón meira en árið 2023. Þessu til viðbótar var seldur fatnaður úr verslunum og á mörkuðum deildarinnar fyrir fatakort að andvirði um 4,5 mkr. Deildin skilaði tæpum 12,7 mkr. til sameiginlegra verkefna á landsvísu en tekjur af þessu verkefni standa undir verulegum hluta af kostnaði við rekstur deildarinnar. Þá hefur söfnun og endurnýting fatnaðar viðtækara samfélagslegt gildi sem öflugt umhverfisverkefni.

VINAHÓPAR

Tveir vinahópar voru starfræktir á Eyjafjarðarsvæðinu á árinu. Tvisvar í viku hittist hópur í Ólafsfirði. Þar kemur fólk saman og spjallar, flokkar og selur föt og fæst við handavinnu. Um er að ræða virkniverkefni þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna þau störf sem þeir treysta sér til eða bara fá sér kaffi, hitta annað fólk og taka þátt í uppbyggilegu spjalli. Þrír hópstjórar eru í verkefninu; Aðalheiður Sigurjónsdóttir heldur utan um fataflokkun og félagslega hlutann, Kristjana Valdey Valgeirsdóttir verslunina og Inga Margrét Benediktsdóttir kom ný inn sem hópstjóri á árinu. Á síðari hluta ársins var öllum sjálfböðaliðum í vinahópnum í Ólafsfirði boðið upp á námskeið í jákvæðri sálfræði sem keypt var af Ragnhildi Vigfúsdóttur. Það eru 24 skráð í vinahópinn og mæta reglulega en þó nokkuð fleiri koma við í kaffi og spjall annað slagið og njóta þannig góðs af hópnum án þess að vera reglubundnir þátttakendur.



Sjálfböðaliðar í vinahópi í Ólafsfirði

Þrjónahópur á Akureyri þrjónar fatnað fyrir verslanir deildarinnar en selur einnig afraksturinn á mörkuðum á Glerártorgi og Ráðhústorginu á Akureyri. Nokkrir sjálfböðaliðar úr hópnum sjá um að flokka allt garn sem kemur í fatagámana og merkja. Þannig verður betri nýting á garninu og eins er það endursöluvænna. Deildin hefur einnig sent nágrannadeildum garn. Einstaklingar í þrjónahópnum taka stundum að sér að klára flíkur sem berast í fataflokkun svo hægt sé að selja þær. Jafnframt hefur þrjónahópurinn brugðist við og þrjónað fyrir skjólstæðinga Rauða krossins, t.d. þá sem sækja þjónustu í verkefnið Frú Ragnheiður. Hópurinn var með vikulega samveru í Viðjulundi á árinu. Lítil þrjónahópur er einnig starfræktur á hjúkrunarheimilinu Dalbæ á Dalvík. Þá eru nokkrir sjálfböðaliðar sem taka ekki þátt í þessu hópastarfi en þrjóna í heimahúsum og koma afurðunum til Rauða krossins.

Það voru 42 sjálfböðaliðar skráðir í vinahópa, þar af 17 í Ólafsfirði, 4 á Dalvík og 21 á Akureyri.

STUÐNINGUR VIÐ FLÓTTAFÓLK OG AÐRA INNFLYTJENDUR

Nýr samningur, áherslubreyting og fjölbreyttari verkefnaflóra

Allt frá því að fyrsti hópur flóttafólks kom til landsins árið 1956 hefur Rauði krossinn á Íslandi átt í samstarfi við stjórnvöld um móttöku flóttafólks og gert með sér margvíslega samninga þar um. Að undangengnu útboði tryggði félagið sér nýjan samning þar að lútandi á árinu sem gildir til þriggja ára með möguleika á framlengingu. Samkvæmt honum fellur það í hlut Rauða krossins að veita flóttafólki í samræmdri móttöku Félags- og vinnumálaráðuneytisins félagslegan stuðning, m.a. á Norðausturlandi. Árið 2024 varð áherslubreyting í þjónustu deildarinnar við flóttafólk og aðra innflytjendur. Meira er nú lagt upp úr stuðningi við hefðbundið íslenskunám og unnið er markvisst að því að fjölga tækifærum erlends fólks til sjálfbóðaliðastarfa hjá félaginu. Reynsla síðustu ára og virkt samtal við notendur þjónustunnar var kveikjan að þessari áherslubreytingu. Með henni er stefnt að virkri samfélagsþátttöku erlendra einstaklinga á jafnræðisgrundvelli við þau sem innfædd eru.

Frekari tilraunir að ungmennastarfi voru gerðar á árinu, auk þess sem framboð verkefna jókst. Þar ber að nefna verkefnið InterACT, sem hefur verið starfrækt á höfuðborgarsvæðinu síðan 2023 og notið velgengni. Einnig hóf Rauði krossinn við Eyjafjörð þátttöku í verkefni sem nefnist Wellbeing4U og er liður í EU4Health áætlun Evrópusambandsins.



EINSTAKLINGSSTUÐNINGUR

Áfram var boðið upp á verkefnin Leiðsöguvini og Tölum saman sem eiga það sammerkt að vera svokölluð pörunarverkefni. Þau eru rótgrónasta tegund einstaklingsstuðnings sem Rauði krossinn býður upp á og er það sem gagnast fólki hvað best samkvæmt rannsóknum. Í þeim er flóttafólk parað saman við aðila sem eru kunnug íslensku samfélagi og menningu og hafa tök á tungumálinu. Skuldbinding beggja þátttakenda í verkefnunum tveimur er til a.m.k. sex mánaða.

Lagt er upp með að leiðsöguvinapör komi saman í a.m.k. 4-6 klst. í mánuði en yfirleitt hittast þau mun meira. Leiðsöguvinir aðstoða við að læra á samfélagið, æfa íslensku, svara hvers kyns spurningum, leiðbeina á ýmsa vegu og tengja fólk inn í samfélagið. Tungumálavinapör hittast a.m.k. fjórum sinnum í mánuði til þess að æfa íslensku en algengt er að fólk hafi lítil tengsl inn í íslenskt málsamfélag og hafi því fá tækifæri til að spreyta sig í málinu. Einstaklingar með lítið félagslegt tengslanet njóta einnig góðs af verkefninu þar sem um samveru er að ræða. Þátttaka í verkefninu stendur öllum einstaklingum af erlendum uppruna til boða, óháð því hvort það hefur stöðu flóttafólks.

Almennt er flóttafólk sem kemur til landsins í boði stjórnvalda látið ganga fyrir hvað persónulegan stuðning varðar. Þá er öðrum sem teljast vera í sérstaklega viðkvæmri félagslegri stöðu einnig veittur forgangur í þörunarverkefni félagsins. Þetta á sér í lagi við um leiðsöguvini, þar sem reynslan hefur sýnt að flest spjara sig vel án umfangsmikils stuðnings.

Alls voru leiðsöguvinapör 9 og tungumálavinapör 20 hjá deildinni á árinu.



Auk þörunarverkefna er starfsfólk til viðtals á skrifstofu deildarinnar vikulega þar sem boðið er upp á praktískan stuðning af ýmsu tagi. Þangað sækir fólk sér nauðsynlegar upplýsingar og er vísað áfram á viðeigandi þjónustuaðila, svo sem félagsþjónustuna, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun eða önnur félagasamtök. Einnig getur fólk fengið inneignarkort í fataverslanir Rauða krossins á starfssvæðinu og nauðsynjar á borð við rúmföt, handklæði og barnafatnað. Þá er veittur sálrænn stuðningur, bæði innan og utan slíkra viðtalstíma. Áhersla er á valdeflingu og að mæta fólki með hlýju og af virðingu. Til viðbótar við þessa viðtalstíma hefur fólk af erlendum uppruna nær daglega samband við starfsfólk deildarinnar með ósk um aðstoð af margvíslegum toga.

Á haustmánuðum var gerð tilraun með að bjóða upp á slíka praktíska aðstoð utan hefðbundins vinnutíma. Sjálfboðaliði á vegum félagsins sat þá á Amtsbókasafninu eitt kvöld í viku til að veita aðstoðina. Það var hins vegar lítið sem ekkert sótt í þessa þjónustu og var því látið staðar numið.

ÍSLENSKUPJÁLFUN Á AMTSBÓKASAFNINU

Áfram var boðið upp á íslenskupjálfun í hóp á Amtsbókasafninu í viku hverri. Þar taka 2-3 sjálfboðaliðar á móti fólki sem hefur hug á að bæta sig í íslensku. Ekki er um hefðbundna kennslu að ræða, heldur þjálfun tungumálsins í gegnum samtal og leik. Þessi þjónusta stendur öllum þeim sem kunna að hafa áhuga til boða, hvort sem þau hafa fengið veitta alþjóðlega vernd, eru enn í umsóknarferli eða dvelja hér á landi á öðrum forsendum. Þjálfunin er aðlöguð getustigi þeirra sem koma hverju sinni og hentar því öllum óháð kunnáttu.

Þar sem ekki er um lokaðan hóp að ræða þar sem skráningar er krafist hefur verið erfitt að henda reiður á fjölda notenda hverju sinni. Fjöldinn spannar upp í allt að 15 einstaklinga. Sjálfboðaliðar á árinu voru 17 talsins.

Einnig var áfram boðið upp á enskubjálfun á vormisseri. Það hafði hins vegar dregið verulega úr aðsókn og því ákveðið að endurvekja verkefnið ekki eftir sumarleyfi.

Haldin voru nýliðanámskeið fyrir ofangreind verkefni eftir þörfum. Alls voru þau 3, tvö staðnámskeið og eitt fjarnámskeið. Þátttakendur voru 24 talsins.



InterACT

Eitt þeirra verkefna sem bættist við verkefnaflóru deildarinnar á árinu er InterACT. Verkefnið hefur það að markmiði að auka tækifæri fólks af erlendum uppruna til þátttöku í starfi félagsins. Í hverjum mánuði vinna sjálfboðaliðar samfélagsverkefni í samstarfi við mismunandi félög á starfssvæðinu. Þannig stuðlar verkefnið einnig að því að sjálfboðaliðar komist í kynni við ýmiss konar starfsemi sem starfrækt er í nærumhverfinu.

Fyrsti fundur með sjálfboðaliðum í Eyjafirði var haldinn í nóvembermánuði þar sem drög voru lögð að fyrsta samfélagsverkefninu. Það fólst í sölu velferðarstjörunnar til styrktar Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis á jólamarkaði Akureyrarbæjar sem staðsettur var á Ráðhústorginu. Sjálfboðaliðar voru 16 talsins.



Sjálfboðaliði að störfum á jólamarkaði Akureyrarbæjar

Wellbeing4U

Verkefnið er liður í EU4Health áætlun Evrópusambandsins og miðar að því að mæta áskorunum sem fjöldaflótti frá Úkraínu hefur haft í för með sér víða um álfuna. Það hófst árið 2022 og Rauði krossinn á Íslandi er á meðal þeirra 28 evrópskra landsfélaga sem taka þátt. Upphaflega fól það í sér átak í þjálfun þjónustuaðila í salrænni fyrstu hjálp. Eftir því sem átökin í Úkraínu ílengdust urðu hins vegar breytingar á þörfum skjólstæðinga sökum lengri dvalar í móttökuríkjum. Mörg þeirra landsfélaga sem taka þátt í verkefninu, að RKÍ meðtöldum, ákváðu að bregðast við með því að bjóða einnig upp á verkefni sem flokka má undir samfélagslega geðheilbrigðisþjónustu (e. Community Based Mental Health Care). Slík verkefni greina sig frá öðrum verkefnum málaflöksins í því að þau ganga fyrst og fremst út á að stuðla að andlegri velferð skjólstæðinga, fremur en aðlögun að nýjum heimkynnum. Þessi angi verkefnisins hefur hlotið nafnið Wellbeing4U hér á Íslandi.




Verkefnið rataði norður í nóvembermánuði. Síðustu mánuðir ársins fóru í að kynna verkefnið fyrir væntanlegum skjólstæðingum, öflun sjálfboðaliða og skipulagningu verkefna. Það fyrsta hófst strax í desember en þar var um núvitundaræfingar að ræða undir handleiðslu kennarans, Þuríðar Helgu Kristjánsdóttur. Tímarnir voru vel sóttir bæði af skjólstæðingum sem og sjálfboðaliðum deildarinnar.

UNGMENNASTARF

Í lok árs 2023 voru lögð drög að framhaldi ungmennaverkefnisins Seiglu. Markmið framhaldsverkefnisins var að kynna ungmennum af erlendum uppruna fyrir tómstundastarfi á svæðinu og liðka fyrir þátttöku þeirra í því. Leitað var til fjölda íþróttafélaga um samstarf en áhersla var á einstaklingsíþróttir. Einnig var haft samband við list- og menningarfélög. Vel var tekið í þessar umleitanir. Sett var saman dagskrá þar sem hver mánuður fram á vorið var helgaður einni tómstund. Þær sem urðu fyrir valinu voru júdó, hnefaleikar, brasilískt jiu-jitsu, myndlistarnámskeið og nýsköpunarnámskeið þar sem unnið yrði með þrívíddarprentara. Ungmennin höfðu svo val um hvaða tómstundir þau kusu að taka þátt í. Verkefnið var kynnt fyrir skjólstæðingum félagsins sem og erlendum nemendum Verkmenntaskólans. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að vekja áhuga ungmennanna og varð því lítið úr verkefninu þegar uppi var staðið. Ekki var unnið frekara ungmennastarf á árinu en hugmyndavinna að komandi verkefnum var unnin.

MÁLSVARASTARF

Í tilefni af alþingiskosningum og vegna þeirrar orðræðu sem uppi var í samfélaginu um málefni flóttafólks ákvað félagið að fara af stað með samfélagsmiðlaátak þar sem miðlaðar voru réttar upplýsingar um málaflokkinn til almennings. Verkefnistjóri deildarinnar í málefnum flóttafólks gegndi lykilhlutverki í þeirri vinnu. Um vorið hafði einnig birst viðtal sem tekið var við hann á vefmiðlinum Akureyri.net. Það miðaði að því að kynna starf félagsins með flóttafólki og öðrum innflytjendum og varpa jákvæðu ljósi á málaflokkinn.



KYNNINGAR OG NÁMSKEIÐ

Azra Sehic, sem sinnt hefur mannúðarstarfi víða um heim, lagði leið sína norður og kenndi námskeið um tengsl menningar og kynbundins ofbeldis. Starfsfólk félagsþjónustunnar, Kvennaathvarfsins og Aflsins voru meðal þátttakenda á námskeiðinu og ríkti almenn ánægja með það.

Einnig kom Ólafur Guðsteinn Kristjánsson frá Háskólasetri Vestfjarða í heimsókn og kynnti verkefnið Gefum íslensku séns. Það snýst í stuttu máli um að auka vitund fólks, aðallega íslenskra móðurmálshafa, um hvað það kann að fela í sér að læra íslensku.

VINAVERKEFNI


Helsta markmið vinaverkefna Rauða krossins er að sporna gegn félagslegri einangrun með því að veita félagsskap, nærveru og hlýju. Á árinu 2024 voru 38 vinapör í heimsóknarvinum. Meirihluti gestgjafa er eldra fólk sem býr heima hjá sér en vaxandi hluti skjólstæðinga er félagslega einangrað yngra fólk sem oft á við geðrænar áskoranir að stríða. Þetta gerir verkefnin fjölbreytt og því mikilvægt að sjálfbóðaliðar séu vel undirbúnir og fái góðan stuðning í sínum störfum. Hópstjóri í heimsóknarvinum er Jóhanna María Agnarsdóttir. Tveir fundir voru haldnir með sjálfbóðaliðum í verkefninu, einn á vorönn og annar á haustönn. Sex nýliðanámskeið voru haldin í verkefninu, 5 á Akureyri og eitt í Fjallabyggð. Leiðbeinendur voru Sóley Björk Stefánsdóttir og Jóhanna María Agnarsdóttir.

Í **heimsóknarvinum** voru 40 sjálfbóðaliðar, þar af 38 á Akureyri, einn á Dalvík og einn á Siglufirði.

Hundavinir nefnast þeir sjálfbóðaliðar sem hafa hund í fylgd með sér í heimsóknum til skjólstæðinga. Tvö nýliðanámskeið fyrir hundavini voru haldin á árinu. Hópstjórar í verkefninu eru Sunna Birnudóttir, Lena Tómasdóttir, María Björk Guðmundsdóttir og Kristbjörg María Bjarnadóttir en hlutverk hópstjóranna felst í að meta hundana og halda námskeið auk þess sem Sunna fer með í fyrstu heimsókn á stofnanir.

Umsjónarfólk þáttanna Hundarnir okkar á Stöð 2 komu í heimsókn til okkar þegar verið var að halda námskeið og tóku upp efni fyrir þáttinn. Þátturinn var sýndur 21. maí og gaf mjög góða innsýn inn í verkefnið.

Erfitt er að setja tölu á fjölda þeirra sem njóta góðs af verkefninu en flestir hundavinir heimsækja stofnanir og því er fjöldi þeirra sem njóta góðs af heimsóknunum mun hærri en fjöldi sjálfbóðaliða. Heimsóknarstaðir auk einkaheimila voru hjúkrunarheimilið Hlíð, Skóla- og skammtí mavistun fyrir börn, Lautin - athvarf fyrir fólk með geðraskanir, þjónustukjarni fyrir fatlaða í Klettaborg og Dalbær á Dalvík



Í **hundavinaverkefninu** voru á árinu 13 sjálfbóðaliðar, þar af þrír hópstjórar sem ekki fara í heimsóknir. Auk þess var einn sjálfbóðaliði með hund í verkefni sem tilheyrði verkefninu Leiðsöguvinir.



Símavinaverkefnið er undir stjórn höfuðborgardeildar. Einn búsettur á Eyjafjarðarsvæðinu þáði þjónustuna en enginn sjálfbóðaliði var búsettur á svæðinu.

NEYÐARVARNIR

Það er lögbundið hlutverk Rauða krossins að bregðast við hópslysum og náttúruvá sem ógnar fjölda fólks með því að opna fjöldahjálparstöðvar og veita þeim sem þurfa aðhlynningu. Eyjafjarðardeild er reiðubúið til að opna slíkar stöðvar á starfssvæði deildarinnar og hefur sjálfboðaliða til taks á hverjum stað til að takast á við slík verkefni. Utanumhald með fjöldahjálparhópum er í höndum starfsfólks Eyjafjarðardeildar. Reglulega eru haldin vefnámskeið fyrir sjálfboðaliða sem hafa áhuga á að starfa í fjöldahjálp. Slík námskeið eru haldin af starfsfólki landsskrifstofu á neyðarvarnarsviði og eru ávallt haldin fyrir sjálfboðaliða af öllu landinu, óháð staðsetningu.

Árið 2024 voru 97 sjálfboðaliðar skráðir í neyðarvarnir á starfssvæðinu. Þar af var 71 sjálfboðaliði skráður í fjöldahjálp, þar af 37 á Akureyri, 11 á Grenivík, 3 í Grímsey, 8 á Dalvík, 6 á Siglufirði og 6 í Ólafsfirði. Það voru 20 sjálfboðaliðar skráðir í viðbragðshóp, flestir á Akureyri en einn í Ólafsfirði og einn á Grenivík. Því til viðbótar voru 3 í aðgerðastjórn og 3 á bakvaktarsíma Rauða krossins.



Útstilling á 112 deginum



Sjálfboðaliðar Frú Ragnheiðar



Sjálfboðaliðar á 112 deginum



Sjálfboðaliðar neyðarvarna

VIÐBRAGÐSHÓPUR

Sjálfboðaliðar í viðbragðshópi Eyjafjarðardeildar eru sérþjálfaðir í að veita sálrænan stuðning eftir alvarleg atvik. Sjálfboðaliðar skipta með sér vöktum og eru tvö til þrjú á vakt í einu, viku í senn. Teymið fór í sex útköll á árinu vegna alvarlegra slysa og andláta auk þess sem sjálfboðaliðar úr hópnum fóru á Austurland til stuðnings viðbragðshóps þar. Hópstjórar halda viðrunarfundi með þeim sjálfboðaliðum sem fara í útköll, ef þörf er á. Viðrunarfundir eru ýmist haldnir í húsnæði Rauða krossins eða sem fjarfundir, eftir aðstæðum hverju sinni. Hópstjórar viðbragðshóps á árinu voru Katrín Guðrún Guðjónsdóttir og Eydís Ösp Eypórsdóttir. Utanumhald með viðbragðshópum á landsvísu er í höndum landsskrifstofu en sjálfboðaliðarnir tilheyra deildum.

Í febrúar tóku sjálfboðaliðar í viðbragðshópnum þátt í að halda 112 daginn hátíðlegan. Mikil og glæsileg sýning var sett upp á Glerártorgi og komu allir viðbragðsaðilar á Akureyri þar að. Elfa Dögg S. Leifsdóttir sálfræðingur og teymisstjóri heilbrigðisverkefna Rauða krossins hélt fyrirlestur í febrúar um hvernig væri gott að setja mörk í samskiptum. Í október var almannavarna ráðstefna með ýmsum áhugaverðum fyrirlestrum. Í nóvember voru Píeta samtökin með kynningu á starfsemi sinni en þau veita fyrstu hjálp, aðgengilega þjónustu, stuðning, meðferð og brú yfir í önnur úrræði fyrir þau sem eru í sjálfsvígshættu. Haldin var snjóflóðaæfing á árinu og sjálfboðaliðar tóku einnig þátt í flugslysaæfingu í Grímsey.

Neyðarvarnafulltrúi og þrír sjálfboðaliðar sóttu ráðstefnu viðbragðsaðila sem haldin var á Húsavík í mars. Þar voru samankomnir viðbragðsaðilar af öllu Norðurlandi eystra sem og starfsmenn almannavarna, bæði frá höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.



112 dagurinn

HJÁLPARSÍMINN 1717 – SÍMSVÖRUN


Sjálfboðaliðar í símsvörun fyrir Hjálparsímann 1717 geta verið staðsettir á Akureyri. Verkefnið er samvinnuverkefni milli landsskrifstofu og Rauða krossins við Eyjafjörð. Samstarf er við Háskólann á Akureyri þar sem nemendur í sálfræði geta fengið þátttöku í verkefninu metna til eininga. Verkefninu er stýrt frá landsskrifstofu Rauða krossins en verkefnastjóri Eyjafjarðardeildar aðstoðar við öflun sjálfboðaliða ásamt því að aðstoða sjálfboðaliða eftir þörfum og halda utan um kynningarstarf og tengsl við Háskólann á Akureyri.

Á árinu voru gerðar breytingar á inntöku sjálfboðaliða í verkefnið. Ekki er lengur beðið með inntöku nýrra sjálfboðaliða þar til safnast hefur í nógu stóran hóp til að fá verkefnastjóra frá Reykjavík til að koma og halda námskeið. Nú hefur reyndur sjálfboðaliði, Birna Soffía Baldursdóttir, tekið að sér hlutverk hópstjóra og þar með þjálfun nýrra sjálfboðaliða. Um er að ræða einstaklingsþjálfun og þannig stýttist til muna biðtíminn frá því að sótt er um að taka þátt í verkefninu þar til sjálfboðaliði getur hafið störf.

Á árinu tóku 16 sjálfboðaliðar þátt í verkefninu.



Hópstjóri kynnti Hjálpar-símann á 112 deginum



Svörun fyrir Hjálparsímann er í Reykjavík og á Akureyri

FRÚ RAGNHEIÐUR

Starf deildarinnar í skaðaminnkun, undir merkjum Frú Ragnheiðar, felst í nálaskiptaþjónustu, sálrænum stuðningi og heilbrigðisaðstoð við einstaklinga sem nota vímuefni í æð. Sjálfboðaliðar eru á vöktum þrisvar í viku en sinna einstaklingum utan vaktatíma endrum og eins. Sjálfboðaliðar eru á öllum aldri og með mismunandi reynslu og menntun. Ávallt eru tveir sjálfboðaliðar á vakt og einn reyndur sjálfboðaliði á bakvakt. Í kjölfar samnings félagsins við Sjúkratryggingar Íslands er annar sjálfboðaliðinn á vakt með heilbrigðismenntun. Auk þess hefur verkefnið aðgang að lækni sem getur m.a. ávísað sýklalyfjum.



Sjálfboðaliðar “Frúarinnar”
tóku þátt í 112 deginum

Starfsfólk verkefnisins hélt áfram að sinna grunn áherslum í verkefninu á árinu ásamt málsvarastarfi í þágu skjólstæðinga með framkomu í fjölmiðlum með ákall um nauðsynlegar úrbætur á Eyjafjarðarsvæðinu. Aðaláhersla ársins var hins vegar að greina heimilisleysi á Akureyri, sérstaklega m.t.t. skjólstæðingahóps verkefnisins, og auka samstarf við Akureyrarbæ í málaflokknum. Í mars var könnun um heimilisleysi á Akureyri lögð fyrir skjólstæðinga Frú Ragnheiðar. Könnunin var unnin af starfsfólki deildarinnar en fyrirlögn hennar var í samstarfi við bráðamóttöku SAK, félagsþjónustu Akureyrarbæjar og Velferðarsjóð Eyjafjarðarsvæðis og því einnig lögð fyrir þau sem sóttu þangað þjónustu. Erfiðlega gekk að fá fólk til að taka þátt en flest svaranna komu á vöktum í Frú Ragnheiði. Niðurstöður könnunarinnar voru notaðar við kortlagningu vandans og þeim gerð skil á fundi með fulltrúum Akureyrarbæjar.

Á árinu var einnig unnið að auknu samstarfi við félagsráðgjafa Akureyrarbæjar. Markmiðið er að Frú Ragnheiður verði tengiliður skjólstæðinga við félagsþjónustuna og að reynt verði að koma á lágþröskuldaþjónustu hjá Akureyrarbæ.

Unnið er að því að stækka svæðið sem Frú Ragnheiður sinnir. Á árinu var fundað með áhugasömum aðilum á Tröllaskaga. Í kjölfarið var ákveðið að halda nýliðanámskeið á Tröllaskaga í byrjun árs 2025 og í framhaldinu fara af stað með Frú Ragnheiði í einhvers konar mynd á svæðinu.

Fræðsla var stór partur af starfinu 2024. Í febrúar fengu sjálfboðaliðar fræðslu um meðhöndlun sára og sáraumbúnað. Auk þess var haldið sjálfboðaliðanámskeið fyrir nýja sjálfboðaliða í október. Fjölbreytt dagskrá var á námskeiðinu og því ákveðið að boða eldri sjálfboðaliða einnig til upprifjunar. Skráning á námskeiðið var góð og margir tilvonandi sjálfboðaliðar sátu námskeiðið. Flest þeirra hófu störf á árinu en örfá eru enn á biðlista eftir að komast að.

Verkefnastjórar voru með fræðslu um verkefnið á mismunandi vettvangi, t.d. fyrir framhaldsnemendum í geðhjúkrun í HA, í opinni kynningu hjá Framsóknarflokknum á Norðurlandi og fyrir konur í Ladies Circle klúbbnum. Gaman er að segja frá því að þær síðastnefndu hafa verið ötulir stuðningsaðilar verkefnisins síðan. Í nóvember var haldið málþing þar sem ýmsir aðilar á svæðinu kynntu starfsemi sína og Frú Ragnheiður var meðal þátttakenda. Markmið málþingsins var að kynna ókeypis þjónustu félagasamtaka á Akureyri. Yfirskrift málþingsins var: „Hver grípur þig?“

Á árinu var unnið að því að auka þekkingu starfsfólks og kynnast betur nýjum skaðaminnkandi úrræðum. Hluti af starfsfólki Frú Ragnheiðar fór í fræðsluferð til Berlínar. Borgin er þekkt fyrir að vera framarlega í skaðaminnkandi þjónustu. Mikil vinna fór í að undirbúa ferðina og metnaður lagður í að finna úrræði sem hægt væri að yfirfæra á aðstæður á Akureyri. Haldið var út með fjölbreytta og vandaða dagskrá. Eftir ferðina komu verkefnastjórar fullir af fróðleik og góðum hugmyndum til baka sem á, án efa, eftir að skila sér í þjónustu við skjólstæðinga.

Áþá fóru verkefnastjórar ásamt sjálfboðaliðum á málþing um viðhaldsmeðferð í september.

Fjöldi einstaklinga sem leitaði til Frú Ragnheiðar árið 2024 voru 39 í 383 heimsóknum en árið á undan voru einstaklingarnir 53 í 584 heimsóknum. Árið 2023 hafði verið farið í sérstakt átak til að kynna Nyxoid lyfið og komu því fjölmörg úr röðum viðbragðsaðila, t.d. lögreglufólk og sjúkraflutningafólk, til að fá lyfið. Það kann að vera ein skýring á mismun á fjölda skjólstæðinga milli ára. Einnig urðu nokkur andlát í skjólstæðingahópnum á árinu.

Það tóku 34 sjálfboðaliðar þátt í verkefninu á árinu. Sjálfboðaliðar verkefnisins eru mjög öflug og hika ekki við að bjóða sig aukalega fram, til viðbótar við sitt venjubunda starf. Þannig var nægt framboð sjálfboðaliða til að manna og undirbúa viðburði sem haldnir voru eða sjá um innpökkun á um 20 jólapökkum.

Alls 172 l af notuðum búnaði var fargað í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri.



NÁMSKEIÐAHALD OG FRÆÐSLA

Fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu kaupa skyndihjálparnámskeið af Rauða krossinum en kennslan fer ýmist fram í fyrirtækjunum sjálfum eða í húsnæði Rauða krossins við Eyjafjörð. Kennarar á vegum deildarinnar héldu 78 námskeið í skyndihjálp á árinu sem er sambærilegur fjöldi og árið áður. Talsverð breyting var gerð á skipulagi námskeiðsins „Öryggi og björgun“, sem áður nefndist „skyndihjálp og björgun“. Um er að ræða skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk bað- og sundstaða. Í kjölfar samninga Rauða krossins á Íslandi við Umhverfisstofnun varðandi þetta verkefni var ákveðið að öll umsýsla þessara námskeiða yrði miðlæg og stýrð af landsskrifstofu.



Haldin voru sex PFA (Psychological First Aid) námskeið fyrir sjálfboðaliða deildarinnar. Á námskeiðinu eru kenndar aðferðir sálrænnar fyrstu hjálpar til að styðja við fólk í uppnámi og þannig aðstoða það við að ná ró og stjórn á aðstæðum. Sú færni getur hjálpað sjálfboðaliðum að vera til staðar og bregðast við þegar fólk þarf á stuðningi að halda. Mikill áhugi hefur verið meðal sjálfboðaliða á námskeiðinu og sóttu alls 53 þeirra námskeiðin sex. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku og kemst því takmarkaður fjöldi að á hverju námskeiði.

Haldið var fjögurra tíma skyndihjálparnámskeið fyrir sjálfboðaliða deildarinnar.

Haldnar voru 11 kynningar á árinu fyrir 192 þátttakendur. Nær helmingur kynninganna voru haldnar fyrir hópa sem komu í heimsókn til að kynna sér starfsemi deildarinnar almennt en hluti þeirra voru skóla- og leikskólabörn sem vildu kynna sér fataverkefnið sérstaklega.

Samstarf er við héraðsmiðilinn Akureyri.net um birtingu umfjallana um fjársafnanir barna en miðillinn hefur sýnt starfsemi deildarinnar mikinn áhuga. Í miðlinum birtust viðtöl við Róbert Theódórsson, verkefnastjóra, um fjölmenningu og þann stuðning sem deildin veitir flóttafólki og verkefnastjóra Frú Ragnheiðar, Berglindi Júlíusdóttur og Eddu Ásgrímsdóttur, um skaðaminnkandi úrræði og þróun í þeim málaflokki. Í fréttablaðinu Tunnunni í Fjallabyggð var umfangsmikil umfjöllun um vinaverkefnið sem starfrækt er í Ólafsfirði.

VELFERÐARSJÓÐUR

Líkt og undangengin ár vann Rauði krossinn við Eyjafjörð ásamt Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjalpræðishernum og Mæðrastyrksnefnd Akureyrar og nágrennis undir hatti Velferðarsjóðs Eyjafjarðar að því að styðja við bakið á þeim sem minnst hafa milli handanna. Í stjórn Velferðarsjóðsins sitja tveir tilnefndir fulltrúar frá ofantöldum félagasamtökum, einn stjórnarmaður og einn varamaður. Fulltrúar deildarinnar voru Kristín Björk Gunnarsdóttir stjórnarmaður og Baldvin Valdemarsson sem kom inn sem varamaður á aðalfundi sjóðsins 2024 í stað Sigríðar Stefánsdóttur.



Velferðarstjarnan

Velferð er verkefni okkar allra

Velferðarstjarnan er samstarfsverkefni Glerártorgs, Slippsins og Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis. Öll innkoma rennur beint í velferðarsjóðinn.

Velferðarstjarnan kostar 3.500 krónur og er fánleg í verslun Lindex á Glerártorgi.

Einnig verður hægt að kaupa stjörnuna á ýmsum viðburðum á aðventunni.

www.velferdey.is


VELFERÐARSJÓÐUR
Eyjafjarðarsvæðis

Velferðarsjóðurinn tekur á móti umsóknum um stuðning, vinnur úr þeim og afgreiðir eftir tekjuviðmiðum. Áhersla er lögð á faglega úrvinnslu en mikill fjöldi fólks sækir um og fær úthlutað allt árið um kring. Í upphafi árs var ljóst að starfsmaður kirkjunnar, sem jafnframt hefur verið starfsmaður sjóðsins, hefði ekki lengur svigrúm til að sinna báðum störfum. Fleiri og fleiri leita til sjóðsins á milli jóla og æskilegt starfshlutfall til að sinna þeim fjölda er talið vera um 40%. Ákveðið var að leita allra leiða til að ráða fagmenntaðan einstakling til að sinna starfi ráðgjafa. Í lok árs var svo gengið til samninga við Guðnýju Jónu Þorsteinsdóttur, náms- og starfsráðgjafa, en þá hafði fjármagn verið tryggt.

Velferðarsjóður reiðir sig á framlög fyrirtækja og einstaklinga. Aðalfjáröflun sjóðsins hefur verið um og í kringum jólin. Á því var engin undantekning þetta árið, þó alltaf sé leitað nýrra leiða til að afla fjár. Gerður var t.a.m. samningur við Höld – Bílaleigu Akureyrar til þriggja ára um stuðning vegna íþrótt- og tómstundaiðkunar barna og ungmenna frá efnaminni heimilum. Áfram var unnið í samstarfi við Glerártorg og Slippinn á Akureyri um sölu á velferðarstjörnunni, fallegu jólaskrauti sem Slippurinn framleiðir og selt er á Glerártorgi.

Góð reynsla hefur gefist af rafræna umsóknarferlinu og sækja sífellt fleiri um í gegnum heimasíðu sjóðsins www.velferdey.is.

Sjóðurinn úthlutaði á árinu rúmlega 30 milljónum króna í formi inneignakorta í matvöruverslunum auk korta frá Rauða krossinum og Hertex. Sú upphæð skiptist að nokkru leyti til jafns í jólaaðstoðina annars vegar og mánaðarlegar úthlutanir sjóðsins hins vegar.

Þrír sjálfboðaliðar lögðu til vinnu við þetta verkefni í aðdraganda jóla og fimm úr hópi starfsfólks deildarinnar höfðu aðkomu að jólaúthlutun sjóðsins. Rauði krossinn við Eyjafjörð leggur ekki til beint fjárframlag í sjóðinn en leggur til sjálfboðaliða, starfsfólk og aðstöðu til verkefnisins. Auk þess úthlutaði deildin fatakortum til umsækjenda að andvirði um 3 milljóna króna.

VIÐBRÖGÐ VIÐ NEYÐARBEIÐNUM

Rauði krossinn á Íslandi efnir eftir atvikum til neyðarsafnana vegna náttúruhamfara eða stríðsástands úti í heimi. Eyjafjarðardeild lagði á árinu til 4.000.000 krónur til færanlegrar heilsugæslu í Hargeisa í Sómalíu sem Rauði krossinn á Íslandi hefur lengi stutt við.



FÉLAGSSTARF

Rauði krossinn er félag sem byggir á sjálfbærni starfi. Þátttaka félagsmanna í starfsemi Eyjafjarðardeildar er fyrst og fremst fólgin í sjálfbærni starfi í verkefnum deildarinnar. Þátttaka í aðalfundum er ekki almenn og almennir félagsfundir eru ekki haldnir. Haldinn var sumarfögnadur þar sem var grillað og notið góðrar stundar saman. Fyrir jólin var haldið jólahlaðborð með hangikjöti og uppstúf. Um 100 sjálfbærliðar mættu á hvorn viðburð.

Formaður Rauða krossins á Íslandi, Silja Bára Ómarsdóttir, var gestur á sumarfögnuði deildarinnar fór yfir það mikla, fjölbreytta og mikilvæga starf sem sjálfbærliðar deildarinnar vinna.



Rauði krossinn við Eyjafjörð hlaut Mannréttindaviðurkenningu Akureyrarbæjar ársins 2024. Hún var veitt við hátíðlega athöfn á Listasafninu á Akureyri. Þorsteinn K. Björnsson, formaður, hélt þakkarræðu fyrir hönd deildarinnar og sagði m.a.: „Rauði krossinn byggir starf sitt umfram allt á framlagi sjálfbærliða. Rauði krossinn á Íslandi og við Eyjafjörð hefur verið svo lánsamur að eiga á hverjum tíma aðgang að öflugum hópi sjálfbærliða. Framlag þeirra til mannúðarmála verður seint metið til fjár. Vegna þessa sjálfbærna starfs er starfsemin í okkar samfélagi jafn öflug og raun ber vitni.“ Við færum Akureyrarbæ innilegar þakkar fyrir að veita Rauða krossinum við Eyjafjörð þessa merku viðurkenningu. Hún hvetur okkur sannarlega til að halda áfram því góða starfi sem við sinnum.



Rauði krossinn á Íslandi hélt upp á 100 ára afmæli félagsins 10. desember 2024 með glæsilegri hátíð í Hörpu. Félagið hefur nú í heila öld aðstoðað fólk og samfélög í neyð. Í dag er Rauði krossinn orðinn að ómissandi hluta af samfélaginu með sjálfbóðaliða og starfsfólk um land allt.

Berglind Júlíusdóttir, hjúkrunarfræðingur og starfskona í Frú Ragnheiði á Akureyri, hélt erindi á afmælishátíðinni um sjálfböðna þjónustu sem er hornsteinn starfs félagsins og gerir því kleift að vinna að fjölbreyttum og mikilvægum verkefnum um land allt.



Berglind Júlíusdóttir hélt erindi á afmælishátíðinni



Gunnar Frímannsson fékk heiðursviðurkenningu sjálfböðaliða á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi

Gunnar Frímannsson sjálfböðaliði Eyjafjarðardeildar fékk heiðursviðurkenningu sjálfböðaliða á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi þann 4. maí s.l. Í umsögn um Gunnar kom m.a. eftirfarandi fram: „Gunnar Frímannsson hefur verið sjálfböðaliði Rauða krossins í hartnær 24 ár. Á þeim tíma hefur hann tekið þátt í fjölmörgum verkefnum félagsins, má þar m.a nefna flóttamannaverkefni, neyðarvarnir, íslenskupjálfun og fataverkefni. Hann hefur jafnframt gegnt ýmsum trúnaðarstöfum fyrir félagið, en hann var í stjórn Rauða krossins á Íslandi 2006 – 2012, stjórn Akureyrardeildar Rauða krossins 2001 – 2006 og sem varamaður 2007 – 2012. Hann var svo formaður Rauða krossins við Eyjafjörð 2017 – 2023. Hann hefur jafnframt setið í kjörnefnd Rauða krossins á Íslandi frá 2020. Gunnar er jákvæður, traustur og afar bönögður sjálfböðaliði.”

STYRKIR OG VELUNNARAR

Brauðgerðarhús Akureyrar við Sunnuhlíð styrkti Rauða krossinn rausnarlega með brauði og bakkelsi fyrir sjálfboðaliða deildarinnar.

Ekran styrkti Frú Ragnheiði reglulega á árinu með matvöru fyrir skjólstæðinga verkefnisins.

Tveir sjálfboðaliðar hjá deildinni, hjónin Sigurður Ringsted og Bryndís Kristjánsdóttir, tóku sig til og útbjuggu dagatal skreytt með fuglamyndum sem Sigurður hafði tekið sjálfur. Dagatalið var merkt Rauða krossinum og allur ágóði af sölu þess rann til verkefna deildarinnar í málefnum flóttafólks.

Klúbbarnir Ladies Circle 7 og Round Table 15 veittu skaðaminnkunarverkefninu Frú Ragnheið rausnarlegan styrk á árinu.

Starfsmenn hjá verktakafyrirtækinu Finnur ehf halda áfram að sjá til þess að bílaplanið við Viðjulund sé fært óháð veðráttu.

Börn voru eins og fyrri ár iðin við að safna fjármunum og færa félaginu. Áður var talað um tombólur en nú eru söfnunarleiðir barnanna orðnar mun fjölbreyttari og augljóst að mikill metnaður er hjá þeim börnum sem taka sig saman um að hefja söfnun. Sem dæmi hafa börnin búið til bókamerki eða perlað og gengið í hús og boðið til sölu. Einn hópurinn hafði útbúið nuddaðstöðu og bauð skyldfólki upp á fóta- og herðanudd gegn framlagi í söfnunina. Samstarf er við fréttamiðilinn Akureyri.net um að birta myndir og fréttir af söfnununum.

Ýmsir aðrir hafa styrkt starf Eyjafjarðardeildar sem of langt mál yrði upp að telja. Fullyrða má að deildin nýtur velvilja almennings, félaga og fyrirtækja. Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar öllum einstaklingum, félögum og fyrirtækjum sem hafa lagt deildinni lið á árinu 2024.



Unga fólkið er öflugt og hugmyndaríkt við safnanir

Lokaorð

Starfsemi Rauða krossins við Eyjafjörð ár hvert mótast af þörfum samfélagsins hverju sinni. Það getur tekið ýmsum ófyrirséðum breytingum sem starfsmenn og sjálfbóðaliðar deildarinnar bregðast við með fagmannlegum hætti. Það er vissulega ánægjulegt að verða vitni að því hve lifandi starfsemi Rauða krossins er.

Eins og fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2024 er fjárhagsstaða deildarinnar góð og er það verulega ánægjuleg niðurstaða en ekki sjálfgæfin.

Stjórn Eyjafjarðardeildar vill þakka starfsfólki og sjálfbóðaliðum fyrir að halda merkjum Rauða krossins á lofti með fagmannlegri vinnu og háttvísi að leiðarljósi. Stjórnin vill einnig þakka öllum þeim aðilum sem hafa stutt hin ýmsu verkefni deildarinnar á liðnu ári, hvort heldur sem er, með fjárframlögum og/eða vinnu